

## **Samþykktir fyrir Fagráð um endurnýtingu og úrgang.**

### **1. Heiti félagsins og tilgangur.**

Félagið heitir **Fagráð um endurnýtingu og úrgang, (FENÚR)**  
Lögheimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

Markmið félagsins er:

- að stuðla að minnkun úrgangs í samfélaginu
- að auka þróun í meðhöndlun og meðferð úrgangs
- að vera leiðandi afl í umfjöllun um úrgang og meðferð hans
- að vera leiðandi í öflun upplýsinga um þróun á meðferð úrgangs í heminum og dreifa upplýsingum til félagsmanna sem og á opinberum vettvangi
- að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða er varða úrgang og meðhöndlun hans

Starfsemi félagsins nær til allra þátta er varða meðferð og meðhöndlun úrgangs og frárennslis, bæði frá heimilum og atvinnustarfsemi. Starfsemin tekur einnig til hreinsunar umhverfis svo sem götuhreinsun, umhirðu og umgengni í þéttbýli sem dreifbýli.

Félagið mun fjalla bæði um meðferð úrgangs sem og þá tækni sem fremst er hverju sinni.

Markmiðum sínum skal félagið ná m.a. með því að:

- fjalla á faglegan og málefnalegan hátt um öll mál sem tengjast markmiðum félagsins, hvort heldur er af eigin frumkvæði eða að tilstuðlan annarra aðila.
- standa fyrir kynningu á þeirri þekkingu sem aflað verður í starfi félagsins bæði innanlands sem og erlendis.
- standa fyrir samræmingu og hafa frumkvæði af þróunarverkefnum er falla að markmiðum félagsins.
- stuðla að samvinnu við annan félagsskap og stofnanir sem vinna á sama sviði og að skyldum málefnum.
- taka þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi.
- félagið er aðili að International Solid Waste Association (ISWA) fyrir hönd Íslands.

### **2. Félagar.**

Aðilar að félaginu geta verið einyrkjar, fyrirtæki, opinber fyrirtæki, stofnanir og fagfélög.

Árgjald er ákveðið á aðalfundi.

Árgjald fer eftir eðli og umfangi starfsemi aðildarfélaga og skiptist í gjaldflokka á eftirfarandi hátt:

Gjald- flokkar	Sorpsamlög/sveitarfélög <sup>1)</sup> íbúafjöldi	Fyrirtæki <sup>2)</sup> ársverk <sup>3)</sup>	Aðrir
1	allt að 1.000	allt að 5	Stofnanir, nefndir og stjórnir sem ekki eru annars staðar taldar
2	1.000-2.000	6-10	
3	2.000-5.000	11-25	Félagasamtök á landsvísu með takmarkað hagsmuni (einn vöruflokk aðallega)
4	5.000-15.000	26-50	Félagasamtök á landsvísu með víðtæka hagsmuni (marga vöruflokka)
5	15.000-50.000	51-100	Landssamtök sveitarfélaga
6	50.000-100.000	101-200	Stofnanir (umhverfisráðuneytis) með víðtæka umhverfshagsmuni
7	fleiri en 100.000	fleiri en 200	

1) Sveitarfélög - ef sveitarfélag er aðili að byggðasamlagi, sem greiðir til FENÚR, skal árgjald falla einum flokki lægra en annars væri.  
2) Fyrirtæki - dótturfélög geta talist með móðurfélagi sem eitt greiðir þá aðildargjald.  
3) Fyrirtæki - með ársverkum er átt við fjölda ársverka er til verða vegna starfa að úrgangs- og umhverfismálum.

Allir sem greitt hafa árgjald fyrir aðalfund eru fullgildir félagsmenn í félaginu það starfsár. Félagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram árlegt árgjald til félagsins.

### 3. Úrsögn úr félaginu.

Hægt er að segja sig úr félaginu með skriflegri úrsögn sem berast skal félaginu fyrir 1. október og gildir úrsögn þá frá 1. janúar næstkomandi.

### 4. Atkvæðisréttur.

Félagar FENÚR hafa atkvæðisrétt á ársfundi með hliðsjón af gjaldflokki sem árgjald er greitt eftir (sjá 2. gr.) á eftirfarandi hátt:

1. og 2. gjaldflokkur fara með 1 atkvæði
3. gjaldflokkur 2 atkvæði,
4. gjaldflokkur 3 atkvæði,
5. gjaldflokkur 4 atkvæði,
6. gjaldflokkur 6 atkvæði,
7. gjaldflokkur 9 atkvæði.

Þeir félagar, sem ekki hafa gert skil á árgjöldum í síðasta lagi viku fyrir aðalfund eða aukaaðalfund hafa ekki atkvæðisrétt.

### 5. Ársreikningar.

Almanaksárið er reikningsár félagsins. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum og lagðir fram á aðalfundi.

## 6. Skoðunarmenn reikninga

Á aðalfundi félagsins skal kjósa tvo skoðunarmenn ásamt varamönnum. Skulu þeir yfirfara reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt fyrir skoðunarmenn eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

## 7. Aðalfundur.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmeðtra aðalfunda.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert.

Boða skal til aðalfundar í síðasta lagi 4 vikum fyrir fund. Í fundarboði skal tilgreina fundarstað og tíma, auk þess frests sem gefinn er til að senda inn tillögur fyrir fundinn.

Minnst viku fyrir aðalfund skal senda út dagskrá fundarins ásamt þeim tillögum sem liggja fyrir aðalfundi.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna skoðunarmanna eða 15 % lögmeðtra félagsmanna. Skal krafan gerð skriflega og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan 14 daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutfélagaskrár.

Á aðalfundi skal í það minnsta taka fyrir eftirtalin dagskráratrði:

- Kosning fundarstjóra.
- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðasta árs.
- Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.
- Umfjöllun um skýrslu stjórnar og reikninga.
- Áætlun um starfsemi næsta árs.
- Framkomnar tillögur
- Ákvörðun um árgjald.
- Rekstraráætlun fyrir næsta ár.
- Kjör formanns
- Kjör allt að fjögurra stjórnarmanna auk tveggja varamanna.
- Kjör skoðunarmanna
- Skipun í ráðgjafarstjórn
- Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum og tillögur að stjórnarmönnum skulu sendar stjórn félagsins í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund.

Einfaldur meirihluti ræður við atkvæðagreiðslu á aðalfundi við afgreiðslu tillagna annarra en lagabreytinga. Atkvæði greiðast af fulltrúum og skv. umboði.

Atkvæði greiðast með handaruppréttingu en formaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla sé skrifleg og einnig skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg ef minnst tveir félagsmenn krefjast þess.

## 8. Breytingar á samþykktum.

Minnst 3/4 mættra félagsmanna ( aðila með félagsaðild að FENUR) -þurfa að samþykkja breytingartillögu til þess að hún öðlist gildi.

Atkvæðagreiðsla um breytingar á samþykktum félagsins skal vera skrifleg ef einhver félagsmaður fer fram á það.

## 9. Félagsfundir.

Félagsstjórn skal boða til félagsfunda með auglýsingu í blöðum eða á annan tryggilegan hátt, með að minnsta kosti einnar viku fyrirvara. Fundarefnis skal jafnan getið í fundarboði. Félagsfundi skal stjórn halda allt eftir því hverjar áherslur og þarfir / áhugi er hverju sinni. Félagsfundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Félagsfundir mega vera opnir til kynningar á málefnum félagsins og því þema sem fundurinn hefur. Félagsstjórn er heimilt að krefjast aðgangseyris af félagsfundum og skulu félagsmenn þá jafnan greiða lægri aðgangseyri en utanfélagsmenn.

## 10. Stjórn félagsins.

Stjórnun félagsins verður með þeim hætti að milli aðalfunda fer framkvæmdastjórn með öll málefni félagsins og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskriftir meirihluta framkvæmdastjórnar þarf til að skuldbinda félagið.

Í framkvæmdastjórn skulu kjörnir 5 menn og 2 til vara.

Formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi til eins árs. Aðrir stjórnarmenn (4 talsins) skulu kosnir til þriggja ára. Varamenn skulu kosnir tileins árs.

Skipuð skal ráðgjafastjórn. Tilnefningar í Ráðgjafarstjórn skulu vera sem hér segir:

- |                                    |             |
|------------------------------------|-------------|
| a) Fiskifélag Íslands              | 1 fulltrúi. |
| b) Bændasamtök Íslands             | 1 fulltrúi. |
| c) Samtök iðnaðarins               | 1 fulltrúi. |
| d) Vinnuveitendasamb.Íslands       | 1 fulltrúi. |
| e) Úrvinnslusjóður                 | 1 fulltrúi. |
| f) Alþýðusamband Íslands           | 1 fulltrúi. |
| g) Samband Íslenskra sveitarfélaga | 1 fulltrúi. |
| h) Starfandi sorpsamlög            | 1 fulltrúi. |
| i) Háskólar                        | 1 fulltrúi. |
| j) Verkfræðingafélag Íslands       | 1 fulltrúi. |
| k) Tæknifræðingafélag Íslands      | 1 fulltrúi. |

- |                      |             |
|----------------------|-------------|
| l) Umhverfisstofnun  | 1 fulltrúi. |
| m) Framkvæmdastjórn  | 1 fulltrúi. |
| n) Fulltrúi hjá DNR  | 1 fulltrúi. |
| o) Fulltrúi hjá ISWA | 1 fulltrúi. |

Ráðgjafarstjórn skal skipuð til eins árs í senn. Tilnefningar í ráðgjafarstjórn skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Komi ekki fram tilnefning frá einhverjum af ofangreindum aðilum skal aðalfundur skipa fulltrúa í stað þeirra.

Framkvæmdastjórn félagsins skal halda félagaskrá sem skal lögð fram á aðalfundi félagsins.

Framkvæmdastjórn og ráðgjafarstjórn skipta sjálfar með sér verkum að öðru leyti en því að formaður framkvæmdastjórnar er kjörinn sérstaklega á aðalfundi. Varaformaður framkvæmdastjórnar verður formaður ráðgjafastjórnar. Formenn boða til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri hafi hann verið ráðinn. Stjórnir skulu setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þeirra.

Telji framkvæmdastjórn félagsins efni og ástæður fyrir því er henni heimilt að ráða framkvæmdastjóra og ákveður stjórn starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.


Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Ráðgjafarstjórn félagsins er heimilt að skipa starfshópa einn eða fleiri til að stýra þeim málefnum sem unnið er að hverju sinni. Í starfshópum verkefna skal sitja a.m.k. einn . úr ráðgjafarstjórn. Starfshópur hvers verkefnis ber fulla ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu verkefnisins en skal leita til Framkvæmdastjórnar eftir samþykki fyrir framkvæmd verkefnis á grundvelli kostnaðaráætlunar og skal Framkvæmdastjórn samþykkja verkefnið áður en félagið er skuldbundið af verkefninu.

Ráðgjafarstjórn skilgreinir hlutverk og verkefni hvers starfshóps og hefur með höndum alla umfjöllun og birtingu upplýsinga frá starfshópum.

Framkvæmdastjórn skal sjá til þess að koma þeim upplýsingum á framfæri við félagsmenn sem ráðgjafarstjórn eða viðkomandi starfshópur vill að komið sé á framfæri.

Skipurit félagsins er sem hér segir:



## 11. Slit á félaginu

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði minnst 2/3 allra félaga til að ákvörðun um slit sé gild. Aðalfundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Þannig samþykkt á aðalfundi 11. apríl 2013

Formaður

Ritari